



Ályktun um kjaramál

og ábyrgð á efnahagslegum forsendum kjarasamninga

Tíunda þing Starfsgreinasambands Íslands bendir á að í kjarasamningum ársins 2024 lagði verkalyðshreyfingin sitt af mörkum til að skapa forsendur fyrir efnahagslegum stöðugleika með því að gera fjögurra ára samning þar sem launahækkanir voru hófstiltar og áhersla lögð á lægstu launin með krónutöluhækkunum. Þessi vegferð var farin til að stuðla að lækkun verðbólgu og vaxtastigs – tveggja þátta sem hafa bitnað hvað harðast á launafólki um land allt.

Samningurinn byggði á þeirri sameiginlegu ábyrgð allra aðila samfélagsins að ríkisvaldið og sveitarfélög héldu aftur af gjaldskrárhækkunum og að atvinnulífið, sérstaklega verslun og þjónusta, myndi axla sína ábyrgð með því að halda aftur af verðhækkun sem ekki byggðist á raunverulegum kostnaðarauka.

Þrátt fyrir þetta hefur sú samstaða ekki raungerst. Verðbólga og vextir eru enn langt yfir því sem ásættanlegt getur talist, jafnvel þótt þeir hafi lækkað frá undirritun samningsins. Launafólk, sérstaklega á lægstu launum, heldur áfram að búa við mikinn þrýsting vegna hárri vaxta og verðlags.

Þing SGS lýsir sérstakri undrun yfir því að styrking krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum, þar á meðal Bandaríkjadal og evru, hefur ekki skilað sér í lægra vöruverði á innfluttum vörum. Það er staðreynd að verðmyndun á íslenskum markaði sýnir að fyrirtæki í verslun og þjónustu hafa ekki staðið við þau loforð sem gefin voru í tengslum við kjarasamningana. Hér má sérstaklega benda á ofsagróða olúfélaganna, stórmarkaða og fleiri.

Þing SGS krefst þess að verslun og þjónusta axli ábyrgð sína, endurskoði verðlag og skili ávinningi styrkingar krónunnar til neytenda. Jafnframt krefst þingið þess að ríkisvaldið og sveitarfélög standi við gerða samninga með því að halda aftur af gjaldskrárhækkunum. Þingið krefst þess að strax verði gripið til aðgerða sem raunverulega draga úr verðbólgu og vaxtabyrði heimilanna.

Kjarasamningurinn 2024 var gerður í góðri trú um sameiginlega ábyrgð. Ljóst er að ef sú ábyrgð er ekki virt af öllum aðilum, þar með er verið að svíkja grundvöll samninganna og leggja þyngstu byrðarnar á herðar launafólks. Þing SGS gerir það ljóst að slíkt verður aldrei látið átölulaust.

Verkalyðshreyfingin verður að geta treyst því að viðsejendur standi við það sem samið er um í langtíma samningum, sé það vilji þeirra að skapa stöðugleika á vinnumarkaði. Óhæft sé að velta

hækkunum á opinberum gjöldum yfir á launafólk, þar má nefna fyrirhugað kílómetragjald, jöfnunargjald vegna flutnings á raforku, leikskólagjöld, fasteignagjöld og bílastæðagjöld.

Vilja viðsemjendur frið eða óvissu á vinnumarkaði ?